

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, óbyggt svæði, Hamranesi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 31. maí 2012 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 23. maí 2012. Niðurstaða bæjarstjórnar var birt 26. maí 2012.

Í breytingunni felst að íbúðarsvæði er minnkað um 4,7 ha og óbyggt svæði, Hamranesi stækkað sem þessu nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 31. maí 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2012